

Stjórnarfundur 29. október 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Leifur Arason, Svafar Magnússon, Sigurbjörn Þórmundsson, Heiðrún Sigurðardóttir og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

2. Árangur Fáksmanna á uppskeruhátíð

Rætt um glæstan árangur Fáksmanna á árinu og þær viðurkenningar sem þeir hlutu á uppskeruhátíð hestamanna síðastliðinn laugardag. Marianna mun setja inn tilkynningu á heimasíðu Fáks með hamingjuóskum til þeirra sem fengu tilnefningar og verðlaun á hátíðinni.

3. Kynbótasýning vor 2019

Stjórn samþykkir að sækja um til RML að halda kynbótasýningu á Fákssvæðinu vor 2019.

4. Aðalfundur kvennadeildar

Aðalfundur kvennadeildar fór fram í síðustu viku en ekki hefur verið tilkynnt um niðurstöður kosninga til stjórnar. Tóti mun spyrjast fyrir og koma upplýsingum til stjórnar.

5. Uppskeruhátíð Fáks 2018

Rætt um uppskeruhátíð Fáks og ákveðið að færa hana fram til sunnudags 2. desember kl. 17. Viðburðurinn verður sameiginlegur fyrir börn, unglínga, ungmenni og fullorðna.

6. Fákssblaðið – ritstjórn

Búið er að fá Fáksskonuna Ragnheiði Ástu til að sjá um að ritstýra Fákssblaðinu að þessu sinni, og reynt verður að fá reynsluboltana Dídí og Hildu Kareni til að safna auglýsingum og setja upp blaðið. Stefnt er á að gefa blaðið út í des-jan nk.

7. Losun taðþróa

Rætt um erfðleika við að losa taðþrær, stefnir í óefni ef ekki fæst landssvæði til að losa skítinn á. Hjörtur og Leifur ætla að ræða við forsvarsmenn Sorpu og athuga hvort Fákur geti hugsanlega liðkað fyrir einhverri lausn. Skoða þarf alla möguleika í stöðunni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.